



Umhverfis- og skipulagssvið

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarráðs frá 1.2.2024 varðandi eftirfarandi mál:

**USK - Vesturhöfn - Örfirisey - breyting á deiliskipulagi - Fiskislóð 15-21 - til afgreiðslu**

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 25. janúar 2024, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 24. janúar 2024 á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Vesturhafnar, Örfirisey, vegna lóðarinnar nr. 15-21 við Fiskislóð, ásamt fylgiskjölum.

Samþykkt.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokks og Sósíalístaflokks Íslands sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Ólöf Örvarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks gera ekki athugasemdir við uppsetningu eldsneytisdæla og rafhleðslustöðva við Fiskislóð 15-21. Málið hangir þó á framtíðaráformum um lóðina að Ægisíðu 102. Borgarsögusafn Reykjavíkur hefur þegar lagt til friðun þess húsnæðis sem nú stendur á lóðinni og hýsir bensínstöð. Byggir Borgarsögusafn þá tillögu á bæði menningarsögulegu og byggingarlistarlegu gildi hússins. Fulltrúar Sjálfstæðisflokks telja eðlilegt að taka tillit til þeirra sjónarmiða, en jafnframt að sú uppbygging sem fram fer á lóðinni til framtíðar feli í sér lágreist húsnæði í anda þeirrar byggðar sem er ríkjandi í Vesturbæ. Jafnframt verði tekið til skoðunar að koma fyrir leikskólahúsnæði á lóðinni, enda þörf fyrir leikskólalátt gríðarleg í Reykjavík.

Bjarni Þóroddsson

e.u.